

Árið 2008 fimmtudaginn 12. Júní kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 147. Fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15.00. Mætt undirrituð. Oddviti setti fund. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

a) Fundargerð 541. fundar 19. maí. Fundargerð í 14 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 542. fundar 26. maí. Fundargerð í 11 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að hitaveita verði lögð að hesthúsahverfinu á Hvammstanga á árinu 2008.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 4. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að gengið verði til samninga við R3-Ráðgjöf ehf. um úttekt á rekstri íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra. Afgreiðslunni vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2008.“ Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 543. fundar 2. júní. Fundargerð í 10 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

d) Fundargerð 544. fundar 9. júní. Fundargerð í 11 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 11. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að taxi v/tómstundaaksturs á vorönn 2008 verði kr. 88,50 pr. km. Til að nýta betur þau úrræði sem nú þegar eru til staðar í sveitarfélaginu gagnvart lækkun á aksturskostnaði heimila samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að taka til endurskoðunar reglur um styrki v/tómstundaaksturs. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra og skrifstofustjóra að kanna möguleika á samþættingu aksturs barna á leikskólaaldri og grunnskólaaldri þar sem laus pláss eru í skólabifreiðum.“ Borinn undir atkvæði 11. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 89. fundar félagsmálaráðs 29. maí. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi tillögu frá félagsmálaráði um umgengnisreglur í fjölbýlishúsum sem eru í eigu Húnaþings vestra.“ Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.

3. Fundargerðir fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

a) Fundargerð 100. fundar 21. maí. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 101. fundar 4. júní. Fundargerð í 2 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra að leggja drög að reglum um stuðning við nemendur sem stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. 1. liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð 87. fundar landbúnaðarráðs 3. júní. Fundargerð í 3 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrirbyggjandi verklagsreglur eftirlitsmanna með lausagöngu búfjár varðandi lausagöngu graðhesta.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 3. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir fyrir sitt leyti umsögn landbúnaðarráðs frá 87. fundi ráðsins þann 3. júní sl. en þar segir eftirfarandi: Byggðarráð óskar umsagnar landbúnaðarráðs vegna erindis Þorvaldar Böðvarssonar þar sem óskað er umsagnar um beiðni um stofnun lögbýlis, á hans útskipta hluta af jörðinni Grund í Vesturhópi. Landbúnaðarráð álitur að skilyrði fyrir skógrækt á hinu fyrirhugaða lögbýli séu með ágætum og því standi ekkert í vegi þess að stofnað verði sérstakt lögbýli um hans útskipta hluta af jörðinni Grund, reitir 3 og 4“. Borinn undir atkvæði 3. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. 2. liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð 79. fundar menningar og tómstundaráðs 7. maí. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar. Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir eftirfarandi reglur um afgreiðslu frístundakorta.

„Reglur um afgreiðslu frístundakorta er eftirfarandi:

- Iðkandi skal eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.
- Styrkurinn skal nýtast til skipulags íþrótta- og tómstundastarfs.
- Styrkur v/ þáttökugjalds barns í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfs miðast við almanaksárið þ.e. frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.
- Heimilt er að nýta frístundakortið til starfsemi íþróttafélaga og skipulagðs félags- og tómstundastarfs í Húnaþingi vestra sem greitt er fyrir með þáttökugjöldum. Styrkurinn getur náð til allrar frístundaiðkunar, þ.m.t. tónlistar- og listnáms. Styrkurinn gildir ekki sem greiðsla fyrir aðbúnað, ferðalög eða annan tilfallandi kostnað vegna keppni eða þjálfunar.

- Heimilt er að framvísa fleiri en einni greiðslukvittun vegna þáttökugjalda.

Framkvæmd notkunar frístundakortsins er þannig að foreldrar greiða fyrir námskeið sem falla undir ofangreindar reglur og koma með kvittun á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem barni verður endurgreidd fjárhæð sem nemi allt að þeirri viðmiðunar fjárhæð sem sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur ákveðið í fjárhagsáætlun hvers árs v/ frístundakorta.“ Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun: „Í fjárhagsáætlun ársins 2008 samþykkti sveitarstjórn Húnaþings vestra að gefa út frístundakort fyrir öll börn sem stunda nám í grunnskóla Húnaþings vestra og eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra ákveður við gerð fjárhagsáætlunar hver verði fjárhæð styrkja v/ frístundakorta. Á árinu 2008 getur styrkurinn numið allt að kr. 10.000,- v/ þáttökugjalda hvers barns“. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu að reglum um afgreiðslu frístundakorta og samþykkt með 7 atkvæðum. Fram kom svohljóðandi tillaga: „Ég geri að tillögu minni að fjárhæð frístundakorta fyrir árið 2008 verði kr. 15.000,- með tilliti til fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og ástandi í þjóðfélaginu“. Oddur Sigurðarson. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð 146. Fundar skipulags og umhverfisráðs 5. júní. Fundargerð í 11 liðum. Oddviti kynnti. Fram kom svohljóðandi tillaga vegna liðar 3.b: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra gerir umsögn skipulags- og umhverfisráðs gagnvart erindi Ágúst Oddssonar að sinni.“ Borinn undir atkvæði liður 3.b. í fundargerðinni ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Borinn undir atkvæði 4. liður fundargerðarinnar og samþykkt með 6 atkvæðum. Elín R. Líndal óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 5. liður fundargerðarinnar og samþykkt með 6 atkvæðum. Rakel Runólfsdóttir óskaði bókað að hún taki ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 6 atkvæðum.

7. Kosning skv. 57. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra:

a) Kosning Oddvita: Kosin var Guðný Helga Björnsdóttir með 4 atkvæðum. Varaoddviti kosinn Elín R. Líndal með 4 atkvæðum.

b) Kosning aðalmanna í byggðarráð: Kosin voru: Elín R. Líndal, Guðný Helga Björnsdóttir og Heimir Ágústsson með 6 atkvæðum. Varamenn kosnir: Þ. Karl Eggertsson, Rakel Runólfsdóttir og Stefán Böðvarsson með 6 atkvæðum. Áheyrnarfulltrúi S. lista er Oddur Sigurðarson og til vara Elín Jóna Rósinberg.

c) Kosning 4 aðalmanna á Ársþing SSV. Kosin voru. Elín R. Líndal, Guðný Helga Björnsdóttir, Heimir Ágústsson, Ágúst Jakobsson með 7. atkvæðum. Varamenn Þ. Karl Eggertsson, Rakel Runólfsdóttir, Stefán Böðvarsson, Oddur Sigurðarson með 7 atkvæðum.

8. Sumarleyfi sveitarstjórnar. Fram kom svohljóðandi tillaga: Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fella niður næstu 2 reglulega fundi sveitarstjórnar. Næsti fundur sveitarstjórnar verður haldinn þann 28. ágúst n.k. og kemur hann í stað reglulegs fundar í september.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundið slitið kl. 18:00

Ólafur B. Óskarsson (fundarritari)(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.), Elín R. Líndal(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Rakei Runólfsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.).